



Fundargerð

**48. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Miðvikudaginn 21. janúar 2026, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 316. fundar skipulagsnefndar UTU - 2601001

Lögð fram fundargerð 316. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 240. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Þjósártún L165323; Gerð vegslóða og plan við Þjósárbrú; Framkvæmdarleyfi - 2512049.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Þjósárbrúar í Ásahreppi. Í framkvæmdinni felst gerð vegslóða og plans austan við Þjósárbrú. Vegslóðinn mun liggja frá Þjóðvegi nr. 1 (Hringvegur) austan við Þjósárbrú og undir brúna að fyrirhuguð plani. Framkvæmdinni verður að mestu haldið innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar. Hluti af vegslóða liggur í gegnum land Þjósártúns. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis, á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.2010, með fyrirvara um að skriflegt samþykki landeiganda Þjósártúns mun liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Mál nr. 16; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-240 - 2512003F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-240 lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð 317. fundar skipulagsnefndar UTU - 2601011

Lögð fram fundargerð 317. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-241.

Mál nr. 18; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 2601001F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 26-2026 lögð fram til kynningar.

3. Fjallskiladeild Holtamannaafréttar - 10 - 2512003F

Lögð fram fundargerð 10. fundar fjallskiladeildar Holtamannaafréttar.

Lögð fram fundargerð 10. fundar fjallskiladeildar Holtamannaafréttar.

3.1 2512033 - Kostnaður vegna fjallskila og tillaga um álagningu fjallskila 2025
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillögu fjallskiladeildar Holtamannaafréttar.

3.2 2512034 - Minnisblað, mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns 2025
Til kynningar.

4. Fundargerð 132. fundar stjórnar UTU - 2601002

Lögð fram fundargerð 132. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

5. Fundargerð 45. fundar stjórnar Odda bs - 2601009

Lögð fram fundargerð 45. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

6. Fundargerð 252. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2601008

Lögð fram fundargerð 252. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð 341. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2601003

Lögð fram fundargerð 341. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

8. Fundargerð 342. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2601004

Lögð fram fundargerð 342. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

9. Útivistarstígar í Ásahreppi - 2504018

Lögð fram stöðuskýrsla verkefnastjóra um lagningu útivistarstíga í Ásahreppi, dags. 31. desember 2025.

Einnig liggur fyrir að endurskoða þarf verklagsreglur og umsóknareyðublað í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur við þau verkefni sem farið var í á árinu 2025.

Endurskoðun verklagsreglna er í gangi og ekki verða umsóknir teknar til afgreiðslu fyrr en endurskoðun verklagsreglana er lokið. Stefnt er að því að endurskoðun verði lokið og afgreidd á febrúarfundum hreppsnefndar.

10. Tillaga að barnameningardögum á Suðurlandi - 2601006

Lagt fram tölvuskeyti SASS, das 6. janúar 2026, þar sem kynnt er tillaga að barnameningardögum á Suðurlandi. Hugmyndin er að eitthvað verði að gerast í barnameningu í tengslum við aðaldag barnameningarhátíðar Árborgar sem haldin verður sumardaginn fyrsta.

Hreppsnefnd Ásahrepps list vel á hugmyndina. Sveitarstjóri hefur rætt aðkomu Ásahrepps í samstarfi við Rangárþing ytra í tengslum við starf Jóhanns G. Jóhannssonar sem er sameiginlegur starfsmaður sveitarfélaganna.

11. Nýidalur, lóð innan þjóðlendu - 2601007

Lagt fram tölvuskeyti Kára Gunnarssonar, merkjalýsanda, dags. 7. janúar 2026 þar sem hann óskar eftir að Ásahreppur sendi beiðni til forsætisráðuneytis um stofnun lóðar í Nýjadal, en þar hefur Ferðafélag Íslands staðið í framkvæmdum á skálasvæðinu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HGH', 'KAR', and 'JJ'.

Skv. leiðbeiningum forsætisráðuneytis þarf sveitarfélag að óska eftir stofnun slíkrar lóðar og gera grunnsamkomulag um lóðina.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda forsætisráðuneytinu beiðni um stofnun lóðarinnar og gerð grunnsamkomulags um lóðina. Jafnframt er sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa forsætisráðuneytis um framhald málsins.

12. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið janúar - desember 2025.

Til kynningar.

13. Breyting á reglugerð 1212-2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga - 2601005

Lögð fram til kynningar reglugerðarbreyting; 4. gr. reglugerðar 1212/2015, er lýtur að bókhaldi, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Breytingin tók gildi 1. janúar 2026.

Til kynningar.

14. Bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028-2033 - 2601010

Lagt fram tölvuskeyti Heilbrigðiseftirlits Suðurlanda, dags. 14. janúar 2026, þar sem verið er að kynna bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028-2033 og uppfærslu 9. kafla vatnaáætlunar 2022-2027 vegna nýrra gagna.

Til kynningar.

15. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 18. febrúar 2026 á skrifstofu Ásahrepps. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.


Fundi slitið kl. 11:15.



Ísleifur Jónasson



Nanna Jónsdóttir



Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson